

Sp.

583. Tillaga til þingsályktunar

um, að ríkið kaupi húseignina nr. 11 við Frikirkjuveg í Reykjavík.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að festa nú þegar fyrir ríkið kaup á húseigninni nr. 11 við Frikirkjuveg og heimila ríkisstjórninni nauðsynlegt fé í þessu skyni. Takist ekki að ná samkomulagi við núverandi eigendur um kaup á húsinu, er ætlazt til, að ríkisstjórnin afli sér heimildar til að taka húseignina eignarnámi.

Greinargerð.

Thor Jensen útgerðarmaður byggði fyrir allmörgum árum húseignina Frikirkjuveg 11 austanvert við tjörnina í Reykjavík. Er húsið langstærsta íbúðarhús á landinu og liggur einkar vel í bænum. Ef Bessastaðir hefðu ekki verið lagðir fram sem ríkisstjóra- og forsetabústaður, mundi Frikirkjuvegur 11 hafa verið keyptur sem heimili handa æðsta starfsmanni þjóðveldisins, og höfðu lengi verið samningsumleitarnir milli ríkisstjórnarinnar og eigenda hússins.

Ríkið á nú mikið og fagurt landbelti inni í miðjum höfuðstaðnum, Arnarhólstún, Stjórnarráðslóðina, „gulllóðina“, sem Tryggvi Þórhallsson keypti, milli Bankastrætis og Amtmannsstígs, í því skyni, að þar yrðu helztu byggingar ríkisins. Sunnan við Amtmannsstíg tekur við lóð menntaskólans. Nokkru sunnar er kvennaskólinn, sem kalla má almannaeygn, en þá tekur við Frikirkjuvegur 11. Fer vel á, að ríkið eigi sem allra mest af þessum lóðum og noti þær eingöngu fyrir opinberar byggingar eða til fegurðar fyrir bæinn eins og Arnarhólstún.

Templarafélagið eða deild úr þeim félagsskap á nú Frikirkjuveg 11. Húsið er að mestu leigt ríkinu fyrir opinberar skrifstofur, og mundu þær verða gersamlega húsvilltar, ef nýr eigandi tæki húsið til sinna þarfa. Um nokkurra vikna skeið hefur erlendur aðili leitast eftir að fá húseign þessa keypta til sinna þarfa, og munu einstaka áhrifamenn meðal templara beita sér allfast fyrir sölunni. Hér er lagt til, að ríkið kaupi eign þessa, af því að staðurinn eigi að vera í eigu þjóðarinnar, en ekki seldur einstökum mönnum og allra sízt út úr landinu.